

Skýrsla stjórnar

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf., 19. maí 2021

Viktor J. Vigfússon

Ágætu fulltrúar hluthafa og aðrir góðir aðalfundargestir.

Í þessari skýrslu stjórnar fer ég eins og venja er yfir fjárhagslega niðurstöðu liðins rekstrarárs, ásamt því að greina frá ýmsum þáttum starfseminnar, en stærsta verkefni félagsins hefur áfram verið innleiðing á nýja bókasafnskerfinu sem kemur í stað Aleph hugbúnaðarins sem Gegnir byggir nú á.

Ársreikningur 2020

Rekstur félagsins gekk vel á liðnu ári og litlar breytingar urðu á hefðbundnum rekstri fyrir utan nauðsynlegar aðlaganir á vinnufyrirkomulagi vegna Covid.

Rekstrartekjur samanstanda af þjónustugjöldum og öðrum tekjum. Rekstrartekjur á árinu 2020 voru um 179,2 m.kr. en voru 165,5 m.kr. á árinu áður sem nemur um 8,3% hækkun. Tekjur af þjónustugjöldum eingöngu hækka sem nemur 7,6% á milli ára.

Rekstrargjöld ársins 2020 voru um 178,3 m.kr. en voru 170,7 m.kr. á árinu áður og hækka því um 4,4% frá síðasta ári. Þar af var launakostnaður 91,9 m.kr. og hækkar um 4,3% frá árinu 2019. Meðalfjöldi stöðugilda hjá félaginu var 8,2 ársverk.

Hagnaður ársins nam tæpum 2,5 m.kr. en var 0,5 m.kr. á árinu 2019.

Í árslok 2020 voru eignir Landskerfis bókasafna alls 232,1 m.kr. en handbært fé 191,5 m.kr. og hækkar um 10,5 m.kr. á milli ára.

Rétt er að greina frá tveimur fjárhagsfærslum í tengslum við nýja bókasafnskerfið. Í júní 2020 samdist um endurgreiðslu frá Innovative Interfaces upp á tæpar 18 m.kr. (\$136.222) til að bæta félaginu að nokkru það tjón sem það varð fyrir þegar þeir gátu ekki lengur uppfyllt samningsskyldur sínar í kjölfar kaupa Ex Libris á Innovative. Þessi endurgreiðsla var færð til lækkunar á bókfærðu virði hugbúnaðarins. Þá féll til á árinu kostnaður vegna samningagerðar við Ex Libris, alls 3,9 m.kr. og var hann eignfærður.

Hlutafé félagsins nemur 147.608.530 kr. og er óbreytt á milli ára. Eigið fé er 210,8 m.kr. Eiginfjárhlutfall, hlutfall eigin fjár af heildareignum, var í árslok 90,8% og veltufjárhlutfall, hlutfall veltufjár og skammtímaskulda, var 10,4.

Efnahagur félagsins er því sterkur og það vel búið undir að fjármagna innleiðingu nýja bókasafnskerfisins.

Ársreikningur félagsins var að þessu sinni unninn af Fjárstoð ehf. en endurskoðun hans var að venju í höndum Ríkisendurskoðunar.

Hluthafar og viðskiptavinir

Ekki urðu breytingar á hluthöfum í félaginu á árinu að öðru leyti en því að nokkur sveitarfélög í hópi hluthafa sameinuðust. Tveir nýir framhaldsskólar bættust í hóp viðskiptavina, Kvenna-skólinn í Reykjavík og Menntaskólinn við Sund. Einnig bættust Þjóðkirkjan-Biskupsstofa, Skálholtsstaður og Tónskóli Þjóðkirkjunnar í hópinn.

Gjaldskrá

Tilkynnt var um breytingar á gjaldskrá fyrir árið 2021, sem m.a. miðuðu að því að ná fram auknum jöfnuði í tekjum frá ríki og sveitafélögum, enda félagið í nokkuð jafnri eigu þessara hópa og frá upphafi gengið út frá því að greiðslur myndu deilast nokkuð jafnt á milli þeirra. Þjónustugjöld voru þannig hækkuð um 5% hjá öðrum söfnum en þeim sem eru í eigu sveitarfélaga. Jafnframt var fallið frá vísitöluhækkun hjá sveitarfélögum. Nú er í skoðun að gjaldskrá verði breytt þannig að breytingar á íbúafjölda taki til allra viðskiptavina en ekki aðeins sveitarfélaga líkt og nú er. Hugsunin er þá að gjaldskrá hækki árlega í takt við breytingu á vísitölu neysluverðs sem og breytingu á íbúafjölda. Stjórn mun taka þá útfærslu til skoðunar.

Stjórnun og starfsemi

Í lok febrúar 2020 flutti félagið í nýtt leiguhúsnæði í Katrínartúni 4 en Íþaka fasteignafélag er eigandi húsnæðisins. Það stóðst á endum að þegar flutningar voru yfirstaðnir var fyrsta Covid smitið staðfest á Íslandi en við það var hættustig almannavarna virkjað. Sóttvarnir voru auknar og komið á fjarvinnu að hluta. Þessar ytri aðstæður bættu í álag sem fyrir var vegna óvissu í verkefni um nýtt bókasafnskerfi. Síðla árs fór í gang vinna um styttingu vinnuvikunnar og ákváðu starfsmenn að afsala sér yfirráðum á neysluhléum. Vinnutími starfsmanna styttist því í 36 klst. á viku frá 1.1.2021 og símsvörun á skrifstofu styttist sem þessu nam.

Stjórn félagsins var endurkjörin á síðasta aðalfundi sem haldinn var í Þjóðarbókhöllu. Einn starfsmaður hætti störfum á árinu og var ákveðið að endurráða ekki í þá stöðu að svo stöddu.

Rekstur og notkun kerfa

Félagið rekur Gegni sem er bókasafnskerfi rekið á landsvísu, leitargáttina leitir.is, raf- og hljóðbókaveituna Rafbókasafnið og menningarsögulega gagnasafnið Sarp, en síðastnefnda kerfið var smíðað fyrir og er í eigu Rekstrarfélags Sarps. Gegnir byggir á hugbúnaðnum Aleph frá Ex Libris og leitir.is á Primo frá sama framleiðanda. Nú eru tólf ólík gagnasöfn tengd inn í leitir.is með samtals tæplega 3 milljónir færslna. Langstærstu gagnasöfnin eru bókfræðigrunnur Gegnis og Sarpur. Öll almenningsbókasöfn í Gegni eru aðildarsöfn í Rafbókasafninu sem er samstarfsverkefni félagsins og almenningsbókasafnanna, undir forystu Borgarbókasafns Reykjavíkur. Markmiðið er að bjóða almenningi upp á aðgang að fjölbreyttu úrvali raf- og hljóðbóka. Rafbókasafnið byggir á rafbókaveitunni OverDrive.

Rekstur Gegnis var með venjubundnum hætti á árinu en ráðist var í betrubætur á virkni leitir.is og vörðuðu þær einkum birtingu, röðun og flokkun efnis. Verkefnið var unnið í nánú samstarfi við Ex Libris og sérfræðinga Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns. Lagfæringarnar voru allar framkvæmdar í þeim hugbúnaði sem leitargáttin byggir nú á, Primo

en verða yfirfærðar í þá nýju, Primo VE, áður en hún verður gangsett samhliða nýju bókasafnskerfi. Það má því líta á þessar lagfæringar sem undirbúning fyrir kerfisskiptin.

Árið 2020 markaðist nokkuð af samkomutakmörkunum og á tímabilum voru söfn lokuð eða gátu aðeins veitt mjög takmarkaða þjónustu. Sökum þessa drógust útlán safnanna verulega saman. Árið 2019 voru útlánin 3.130.075 en 2020 voru þau einungis 2.423.285, þ.e.a.s. samdrátturinn nam 706.790 útlánum frá fyrra ári sem er tæplega 23% samdráttur á milli ára. Algert hrun varð í útlánunum í apríl en 2019 voru útlánin 247.478 á móti 19.088 útlánunum 2020.

Mörg söfn notuðu tíma í samgöngubanni til að taka til og grisja safnkostinn. Þetta skýrir lítilsháttar samdrátt í fjölda titla og eintaka á milli ára.

Fjöldi lánþega í Gegni var sambærilegur og fyrra ár eða rúmlega 161 þúsund. Hver virkur lánþegi í Gegni fékk lánað að meðaltali 25 eintök árið 2020 en 2019 voru þau 28. Sem fyrr er munur á lánunum kynjanna umtalsverður, tvö af hverjum þremur útlánunum fara til kvenna.

Útlán Rafbókasafnsins fóru úr 23.613 árið 2019 í 28.979 árið 2020. Aukning í útlánunum um rúmlega fimm þúsund fyllir ekki upp í hrun í hefðbundnum útlánunum upp á rúmlega 700 þúsund. Engu að síður varð töluverð aukning í útlánunum í mars og apríl og á sama tíma tvöfaldaðist fjöldi nýrra notenda.

Topplistar útlána eru listar yfir vinsælustu eða mest lánaðu titlana í aðildarsöfnum Gegnis. Þegar heildartölur allra bókaútlána í Gegni árið 2020 eru skoðaðar kemur í ljós að lestur barna í grunnskólum landsins vegur þar þungt. Í almenningsbókasöfnum eru nýlegar íslenskar skáldsögur og þýðingar í efstu sætunum.

Rafbókasafnið

Líkt og fram hefur komið jókst eftirspurn eftir safnkosti Rafbókasafnsins á árinu. Þá reyndist bagalegt hversu lítið er þar að finna af íslenskum raf- og hljóðbókum en þar er eftirspurnin langmest. Félagið skrifaði FÍBÚT, Félagi íslenskra bókaútgefenda sem og útgefendum sjálfum bréf og óskaði eftir stuðningi þeirra við málefnið. Einnig var leitað ásjár mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Ekki er enn komin niðurstaða í málið þrátt fyrir skilning á málinu hjá ráðuneytinu.

Í framhjáhlaupi má geta þess að félagið sendi umsögn til Samkeppniseftirlitsins í tilefni af áformuðum kaupum Storytel AB á Forlaginu og var tilgangurinn sá að halda hagsmunum bókasafna til haga. Síðar á árinu fréttist að Storytel hefði fallið frá áformum um kaup á Forlaginu.

Nýtt bókasafnskerfi

Rétt er að rifja upp að á árinu 2018 fór fram útboð á nýju bókasafnskerfi og nýrri leitargátt fyrir Landskerfi bókasafna og um mitt ár 2019 var samið við Innovative Interfaces um kaup á kerfinu Sierra. Þá hófst strax vinna við fyrirhugaðar kerfisbreytingar, en tæpu ári síðar gengu í gegn kaup Ex Libris á Innovative, en Ex Libris var hinn þátttakandinn í útboðinu. Þar með datt botninn úr samstarfinu við Innovative og til að gera langa sögu stutta varð niðurstaðan sú að Ex Libris tók yfir samningsskuldbindingarnar og þann 4. nóvember 2020 var nýr

samningur við Ex Libris undirritaður. Þessi samningur tekur til leigu (e. SaaS – Software as a Service) á bókasafnakerfinu Alma og leitargáttinni Primo VE en kerfin eru bæði hýst í gagnaveri Ex Libris í Amsterdam. Samið var til 8 ára, með möguleika á að framlengja um 2 ár í tvígang þannig að samningstími verður lengstur 12 ár.

Stofnkostnaður við kerfið nemur 331.360 USD og árlegt þjónustugjald eftir gangsetningu kerfa er 300.000 USD. Í samningnum eru ákvæði um tilteknar viðbætur við Alma sem snúa að persónuvernd lánþega í útlánaaðgerðum og auknum sjálfsafgreiðslumöguleikum lánþega á leitir.is. Viðbæturnar verða tilbúnar á innleiðingartímanum.

Þann 18. nóvember hófst vinna við fjögurra mánaða undirbúning innleiðingarinnar. Á þessu tímabili voru meðal annars unnar hönnunarlýsingar fyrir samningslegu kerfisviðbæturnar, kerfishögun ákveðin auk þess sem verk- og tímaætlun var yfirfarin og betrubætt. Skipaður var verkefnahópur en í honum sitja auk starfsmanna félagsins, Brjánn Birgisson frá Borgarbókasafni, Linda Rós Arnardóttir frá Bókasafni Hafnarfjarðar auk Hallfríðar Kristjánsdóttur og Telmu Rósar Sigfúsdóttur frá Landsbókasafni Íslands-Háskólabókasafni. Að auki var leitað til fjölmargra sérfræðinga á bókasöfnum eftir margvíslegri aðstoð. Verkefnistjórnun er í höndum Sigrúnar Hauksdóttur og Sveinbjargar Sveinsdóttur.

Innleiðingin sjálf hófst síðan 16. mars s.l. og er nú m.a. unnið að gagnayfirfærslu þ.a. gögnin verði aðgengileg til prófana í Alma. Huga þarf að ýmsum tæknilegum viðfangsefnum í tengslum við innleiðinguna s.s. tengingum við prentara, skanna, sjálfsafgreiðsluvélar og Stafrænt Ísland svo dæmi séu tekin. Borgarbókasafn þarf að endurskoða vef sinn sem er samþættur við bókasafnakerfið og Landsbókasafn þarf að yfirfara ýmis kerfi sín sem tengd eru bókasafnakerfinu. Grunnkynningar á Alma til starfsmanna safna eru fyrirhugaðar í nóvember. Verk- og tímaætlunir eru mjög stífar og ekki má mikið út af bregða til að þær raskist, en seinni gagnahleðsla er áætluð í haust, 90 daga viðtökuprófanir munu standa frá febrúar til maí og gangsetning kerfa er áætluð í júní 2022.

Námskeiðshald og þjónusta

Námskeiðsáætlun Landskerfis bókasafna var óhefðbundin á árinu. Kom þar tvennt til, undirbúningur kerfisskipta og samkomutakmarkanir. Þar sem núverandi kerfi eru senn á útleið var ákveðið að námskeiðshaldi yrði haldið í lágmarki. Samtals voru haldin 7 námskeið og kynningar og var fjöldi þátttakenda 74. Flest voru í formi vefkynninga en fyrstu og seinustu námskeiðin voru þó í staðnámi í Katrínartúni 4. Vefnámskeiðin reyndust vel og voru þátttakendur og kennarar ánægðir í lok námskeiðanna. Þjónusta og þjónustubeiðnir mótuðust einnig mjög af ástandinu á bókasöfnum í samkomutakmörkunum.

Rekstrarfélag Sarps

Til tíðinda dró á árinu hjá Rekstrarfélagi Sarps sem ákvað að hefja formlega þarfagreiningu fyrir arftaka Sarps 3 og réð til þess verkefnastjóra til eins árs frá 1. september. Hann er á launaskrá hjá Landskerfinu líkt og fagstjóri Sarps en allur útlagður kostnaður vegna starfsmannanna er greiddur af Rekstrarfélaginu skv. reikningi. Fyrsti afrakstur vinnunnar var

framtíðarsýn fyrir nýtt kerfi sem unnin var í samstarfi við forstöðumenn. Þarfagreiningin var unnin í vinnuhópum sem voru skipaðir safnafólki úr ranni Sarps.

Innra starf Sarpssafna tók mikinn kipp á tímum samkomubanns en þá gafst söfnum tími til sinna skráningu í Sarp og setja upp sýningar í kerfinu svo nokkuð sé nefnt. Töluverð aukning varð í innsendum þjónustuerindum.

Lokaorð

Árið 2020 var þannig viðburðarríkt hjá Landskerfi bókasafna. Það hófst með biðstöðu í verkefni um nýtt bókasafnskerfi þar sem lagalegar leiðir voru skoðaðar í kjölfar kaupa Ex Libris á Innovative Interfaces. Félagið flutti aðstöðu sína í Katrínartún 4 og glímdi í framhaldinu við samkomutakmarkanir. Þessu fylgdu margar áskoranir fyrir lítið fyrirtæki og starfsmenn þess. Komið var á laggirnar fjarvinnubúnaði þ.a. hægt væri að sinna verkefnum úr fjarvinnu og nánast allir fundir og viðburðir urðu í einu vetfangi fjarfundir. Bókasöfnum var gert að loka á tímabili og jókst þá notkun Rafbókasafnsins, en eins og fyrr sagði hafa viðræður við útgefendur því miður ekki enn skilað tilætluðum árangri varðandi íslenskar raf- og hljóðbækur. Viðræðum við Innovative um bótagreiðslur lauk með samningi þar um og lágmarkar þann skaða sem orðinn var. Samningaviðræður við Ex Libris reyndust umfangsmiklar og lauk ekki fyrr en 4. nóvember. Tveimur vikum síðar hófst undirbúningur innleiðingar nýrra kerfa og sjálf innleiðingin er nú í fullum gangi.

Áfram verður í forgangi hjá félaginu að leiða þetta verkefnið um nýtt bókasafnskerfi til lykta, samhliða því að sinna af kostgæfni þeirri þjónustu sem Landskerfi bókasafna veitir viðskiptavinum sínum um land allt.

Stjórn Landskerfis bókasafna átti alls 14 fundi á liðnu starfsári sínu og vil ég þakka stjórnarmönnum og Sveinbjörgu Sveinsdóttur framkvæmdastjóra gott samstarf. Jafnframt færi ég henni og öðrum starfsmönnum félagsins einlægar þakkir stjórnarinnar fyrir þeirra góðu störf og þrautseigju á umbreytingatíma.

Á þessum aðalfundi dregur til tíðinda er úr stjórn gengur Karl Guðmundsson en hann hefur setið óslitið í stjórn félagsins frá árinu 2001. Ég hef setið með Karli í stjórn s.l. tvö ár, en bý yfir vitneskju um að öll þessi tæpu 20 ár sem Karl hefur setið í stjórn hefur hann verið vakinn og sofinn yfir velferð félagsins og lagt drjúga hönd á plóg. Einnig gengur úr stjórn Halldóra Jónsdóttir sem hefur verið varamaður frá árinu 2014. Karli og Halldóru eru þökkuð afar vel unnin störf í þágu félagsins og óskað velfarnaðar.